

Sumarlestur

Akureyri - bærinn minn

Bóklestur

Annað af megin markmiðum námskeiðsins er að börnin lesi sér til ánægju í allt sumar. Krakkarnir setja sér markmið í samráði við foreldra/forráðamenn um hvað þau ætla að lesa í sumar. Hljóðbækur telja líka hjá þeim sem nýta sér þær til aðstoðar í lestri. Í hvert sinn sem börnin taka bók á bókasafninu fá þau þátttökumiða sem þau fylla svo út og skila inn á bókasafnið í þar til gerðan kassa. Miðinn er svo happdrættismiði en dregin verða út nokkur verðlaun á uppskeruhátíð „Skoppaðu á bókasafnið“ laugardaginn 27. ágúst. Miði er því sannarlega möguleiki!

Akureyri -bærinn minn.

Hitt meginmarkmiðið er að efla færni barnanna í að lesa í minjar, umhverfi, sögu og listir. Farið verður í heimsókn í söfn og skoðunarferðir um nánasta umhverfi. Alla dagana er einnig fengist við sköpun á fjölbreyttan hátt. Í lokin fá allir viðurkenningu fyrir þátttökuna og bókaverðlaun.

Í ár ætlum við að taka þátt í samstarfsverkefni með Van Buren District Library's Antwerp Sunshine Library í Mattawan, Michigan og verður það kynnt sérstaklega við upphaf námskeiðs.

Þetta er ellefta árið í röð sem Amtsbókasafnið og Minjasafnið á Akureyri standa að námskeiðinu.

**Námskeiðið er ætlað krökkum
sem eru að klára 3. og 4. bekk.**

Vikur í boði

Vika 1 (6. - 10. júní) kl. 09:00-12:30
Vika 2 (20. - 24. júní) kl. 09:00 - 12:30
Vika 3 (27. júní - 1. júlí) kl. 09:00 - 12:30

SKRÁNING

Í ár fer öll skráning á námskeiðið fram rafrænt í gegnum heimasíðu barnadeildar Amtsbókasafnsins eða heimasíðu Minjasafnsins.

Vefslóðin er www.barnastarf.akureyri.is eða <http://minjasafnid.is>. Á forsíðunni er vel merktur hlekkur sem valin er og þá kemur skráningarformið upp. Hafa ber í huga að fylla þarf út alla reiti til að hægt sé að senda umsóknina inn.

Skráningarfrestur er til **1. júní 2011** en eftir það lokast fyrir skráningarformið á netinu.

Hámarksfjöldi í hvern hóp eru 20 börn, fyrstur kemur, fyrstur fær, því er um að gera að vera tímanlega í að skrá þátttöku.

Allar nánari upplýsingar um skráningu veitir Inga Magga barnabókavörður. Bæði er hægt að hafa samband við hana símleiðis, númerið er 460-1257, á mánudaga frá 9:30-13:00, frá 9:30-14:00 þriðjudaga til fimmtudags og á föstudaga frá 9:00-12:00 eða með því að senda póst á netfangið ingibjorg@akureyri.is

*Hlökkum til að sjá ykkur í sumarlestrinum
Inga og Sirrý*